



Reykjavík, 14. júní 2019  
2019050003  
3.0

## Menningar-, íþróttá- og tómstundaráð

Borgartúni 14  
105 REYKJAVÍK

### *Tillaga um rafíþróttir*

Á fundi menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs 13. maí 2019 var lögð fram eftirfarandi bókun vegna samþykktar borgarstjórnar um að styðja við íþróttafélög í Reykjavík til að koma á fót rafíþróttadeildum innan félaganna:

MÍT lýsir yfir stuðningi við framkomna tillögu og felur sviðsstjóra að: a) Athuga hvort breyta þurfi reglum um frístundakort til að liðka fyrir notkun frístundastyrkja þegar kemur að rafíþróttum. b) Athuga með hvaða hætti huga megi að stuðningi borgarinnar við rafíþróttir til jafns við annað íþróttá- og tómstundastarf. c) Útfæra tilraunaverkefni vegna haustsins 2019, sem rúmast innan fjárheimila, þar sem styrkjareglum borgarinnar er fylgt og jafnræðis er gætt meðal félaga.

Vegna þeirra verkefna sem sviðsstjóra ÍTR var falið að athuga, skal eftirfarandi upplýst og lagt til:

- Ekki þarf að breyta núverandi reglum um Frístundakortið. En gera verður ráð fyrir að námskeið og rekstur rafíþróttadeilda uppfylli allar reglur Frístundakortsins, svo sem um lengd námskeiða, húsnæði ofl.
- Stuðningur við rafíþróttir getur komið fram með styrkjum frá menningar-, íþróttá- og tómstundaráði, verkefnasjóði ÍBR og þróunarsjóði SFS ef um samstarf við frístundamiðstöðvar er um að ræða, í samstarfi við ÍBR.
- Tillaga:** Lagt er til að íþróttá- og tómstundasvið auglýsi eftir styrkjum til að aðstoða við stofnun rafíþróttadeilda innan Reykjavíkur. Fylgt skal styrkjareglum borgarinnar varðandi verkefnaáætlunar og tengsl við aðrar stefnur borgarinnar. Umsóknarfrestur skal vera til 10. júlí. Íþróttá- og tómstundasviði er falið að gera tillögur að styrkjaúthlutun til borgarráðs en sviðinu er heimilt að leita eftir umsögnum og álti Íþróttabandalags Reykjavíkur. Heildarstyrkupphæð skal að hámarki nema 2 mkr. sem tekið skal af ónýttum styrkjum ársins 2019 og gert er ráð fyrir að hámarki 1-3 verkefni skuli hljóta styrk.

  
Ómar Einarsson.